

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2009

frá 17. mars 2009

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 393/2008 frá 30. apríl 2008 um leyfi fyrir astaxantíndímetyldísúksínati sem aukefni í fóðri ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 209/2008) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzzzo. **32008 R 0393**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 393/2008 frá 30. apríl 2008 um leyfi fyrir astaxantíndímetyldísúksínati sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 393/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 20.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 17. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.